

**Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund Nýherja hf.
3. mars 2017**

- 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið rekstrarár**
- 2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu**

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2016 verði staðfestur.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna ársins 2016. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

- 3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna**

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að laun stjórnarformanns verði 540.000 kr. á mánuði og laun annarra stjórnarmanna og varamanns verði 180.000 kr. á mánuði.

Þá leggur stjórn til við aðalfund félagsins að þóknun fyrir setu í undirnefndum verði 55.000 kr. fyrir hvern fund. Undirnefndir stjórnar eru endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og tækninefnd.

- 4. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins og aðrar breytingartillögur, ef einhverjar verða**

Stjórn leggur til við aðalfund að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins:

- (a) Að heimild stjórnar samkvæmt grein 15.1 til að hækka hlutafé félagsins um kr. 150.000.000 að nafnverði verði breytt. Tillaga stjórnar að nýrri grein 15.1 er svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða í áföngum um allt að kr. 150.000.000 að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forkaupsrétti sínum samkvæmt 34. gr. hlutafélagalaga. Stjórn félagsins skal ákveða nánar kaupgengi og söluskilmála hlutanna. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjár-hækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýja hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt hennar að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.“

(b) Að við grein 5 bætist við ný grein 5.5 um kynjahlutföll stjórnar:

„Við stjórnarkjör skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða kosninga í stjórn félagsins þannig að kynjahlutfall náist ekki telst kosningin ógild og skal þá endurtaka kosninguna. Náist niðurstaða ekki eftir endurteknar kosningar skal þá fresta stjórnarkjöri til framhaldsaðalfundar sem skal haldinn innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Skal stjórnarkjör endurtekið svo oft sem þarf, þar til kynjahlutföllum er náð.“

(c) Að við grein 4.2 bætist við tveir nýir málslíðir: „Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.“ Um er að ræða aðlögun að 1. mgr. 81. gr. hlutafélagalaga og þannig verði greinin svohljóðandi:

„Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.“

(d) Að tilvísun í grein 4.12 til greina 4.16 og 4.17 verði til greina 4.14 og 4.15. Um leiðréttingu er að ræða og þannig verði greinin svohljóðandi:

„Aðalfund skal halda innan átta mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum í grein 4.14 og 4.15.“

(e) Að síðustu málsgrein greinar 4.13 verði breytt til aðlögunar að 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga þannig að hún verði svohljóðandi:

„Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðanda og tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu skulu vera birt á vefsíðu félagsins og skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis tveimur vikum fyrir aðalfund.“

(f) Að grein 4.16 verði breytt þannig að hver hluthafi á rétt á að fá mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Um er að ræða aðlögun að 1. mgr. 86. gr. hlutafélagalaga og þannig verði greinin svohljóðandi:

„Hver hluthafi á rétt á að fá mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.“

(g) Að orðalag greinar 6.3 verði leiðrétt þannig að greinin verði svohljóðandi:

„Ef hluthafar félagsins eru 200 eða fleiri og hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfalls- eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Séu hluthafar færri en 200 þurfa hluthafar sem ráða yfir 1/5 hluta hlutafjárins að standa að kröfunni.“

Greinargerð stjórnar:

Hvað framangreindan (a) lið varðar þá er lagt til að grein 15.1 breytist þannig að stjórn félagsins hafi heimild til þess hækka hlutfé félagsins um kr. 150.000.000 að nafnverði og gildi heimildin í fimm ár frá samþykki hennar. Núgildandi grein 15.1, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins árið 2014, felur í sér samsvarandi heimild fyrir hækkun hlutfjár félagsins um kr. 150.000.000 að nafnverði. Stjórn félagsins nýtti framangreinda heimild að hluta, annars vegar með útgáfu 10.000.000 hluta í hlutfjárútboði sem fram fór í september 2014 og hins vegar með útgáfu 40.000.000 hluta sem fram fór í desember 2015. Samkvæmt lið (b) er verið að leggja til ákvæði um kynjahlutföll líkt og hlutafélagalög áskilja. Í framangreindum liðum (c) – (g) er um að ræða tillögur vegna aðlögunar að hlutafélagalögum og leiðréttingar á samþykktum félagsins.

5. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna félagsins verði samþykkt. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

6. Kosning stjórnar félagsins, sbr. grein 5.1 í samþykktum félagsins

7. Kosning endurskoðanda, sbr. grein 10.1 í samþykktum félagsins

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

8. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.16 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga

9. Tillaga stjórnar um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt:

„Aðalfundur Nýherja hf. þann 3. mars 2017 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftár á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutfé þess, þ.e. að hámarki kr. 45.000.000 að nafnverði. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutabréfin fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995. Eldri heimild fellur niður.“

10. Tillaga stjórnar um arðgreiðslustefnu

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi tillaga um arðgreiðslustefnu verði samþykkt:

„Markmið Nýherja hf. er að greiða á bilinu 20-40% hagnaðar hvers árs sem arð. Endanleg tillaga stjórnar um arðgreiðslu mun þó ráðast af fjárhagslegri stöðu félagsins, fjárfestingaþörf og markaðsaðstæðum hverju sinni.“

11. Önnur mál